

Fiskeldi Austfjarða hf
Vörðu 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 10. desember 2021
UST202102-169/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 01.09.2021 hjá Fiskeldi Austfjarða Berufirði

Þann 1. september sl. fór fram eftirlit í sjóeldi Fiskeldi Austfjarða Berufirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eldra fráviki frá 2019 er varðaði vöktunaráætlun er lokað, þar sem uppfærð vöktunaráætlun var samþykkt með útgáfu breytts starfsleyfis í ágúst 2021.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Tilkynna þarf útsetningu seiða í sjó með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Tilkynning vegna útsetninga seiða við Svarthamarsvík í október barst ekki áður en seiðin voru sett í sjó. **Rekstraraðili hefur síðan tilkynnt um viðbótarútsetningu á svæðið og hyggst breyta verklagi sínu svo Umhverfisstofnun sé framvegis einnig tilkynnt um áætlaðar útsetningar.**
1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirlit skal innihalda niðurstöður skráninga og mælinga sbr. kröfur 3., 4. og 5. kafla starfsleyfis. Ársyfirliti var skilað sameiginlega með grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi, en uppfyllir ekki kröfur um niðurstöður skráninga sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi. **Viðbótarupplýsingum var skilað þann 24. nóv sl. og frávikin er því lokað.**

Öllum þeim gögnum er vörðuðu ofangreind frávik hefur verið skilað til stofnunarinnar og því er ekki krafist frekari aðgerða af hálfu rekstraraðila.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur